

# JÖKULL Á FIMMVÖRÐUHÁLSI MILLI EYJAFJALLAJÖKULS OG MÝRDALSJÖKULS

Helgi Björnsson,  
*Raunvísindastofnun Háskólans*  
*Dunhaga 3, 107 Reykjavík*



A hut on Fimmvörðuháls, a mountain ridge connecting Eyjafjallajökull and Mýrdalsjökull.

Við núverandi loftslag er snæfína að meðaltali í um 1100 m hæð á sunnanverðu Íslandi og jökull sest því á fjöll sem ná þeirri hæð. Svo hagar til að á sunnanverðu landinu er einmitt að finna fjallaskarð í um 1100 m hæð. Um er að ræða Fimmvörðuháls, milli Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls, fornan fjallveg, sem nú er vinsæl og fjölfarin gönguleið. Fimmvörðuháls er á mörkum þess að bera jökul við núverandi loftslag og tilvist og stærð jökuls þar er því mjög næmur mælikvarði á loftslagsbreytingar. Við kólnandi loftslag myndi snæfína lækka og jökull vaxa en ef loftslag hlýnar, hækkar snæfína og þá minnkar jökull eða hverfur.

Eftir landnám og fram undir lok 12. aldar má ætla að aðstæður hafi verið svipaðar og nú, en síðan kólnaði, snæfína lækkaði og samfelldur jökull varð til á milli Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls. Í jökclariti sínu frá lokum 18. aldar lýsti Sveinn Pálsson þar óslitnum jökulfláka. Mjór jökulhryggur, Lágjökull, tengdi þá Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul og ráku Eyfellingar afréttarfé sitt yfir hann í sumarhaga á Goðaland. Sveinn kallaði reyndar allan jökulflákann Eyjafjalla-

jökul, vestasta hluta hans Hájökul og austurhlutann Mýrdalsjökul; auk þess ræddi hann um Botnjökul (nú Merkurjökul) og Sólheimajökul.

Þegar hlýna tók nálægt síðustu aldamótum tóku jöklar að rýrna, en Fimmvörðuháls var hulinn jökli fram yfir aldamót. Þegar Fjallamenn byggðu skála í 1080 m hæð á hryggnum árið 1940 "var jökullinn mjög genginn til baka á þessu svæði, en það var jökli hulið fram yfir aldamót, nema hvað hæstu fell svo og Fimmvörðuháls stóðu þá upp úr ísnum" (Guðmundur Einarsson, Árbók Ferðafélags Íslands 1960, bls. 72). Þannig reis Fimmvörðuháls eins og jökulsker upp úr ísnum við upphaf þessarar aldar. Á hlýndaskeiðinu, sem stóð fram á sjötta áratuginn hvarf jökull og sísnævi að mestu af hryggnum og í ljós komu jökulurðir, sem vitnuðu um þann jökul sem yfir honum lá fram yfir síðustu aldamót. En á síðustu tveimur áratugum hefur aukinn snjór lifað af sumrin á Fimmvörðuhálsi og samfellt sísnævi tengir nú Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul á ný. Við áframhald sams konar veðráttu má ætla að Lágjökull setjist aftur á hrygginn og verði samfelldur á milli Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls.